

menningarmál

Sýning á verkum Höskuldar Björnssonar

HÖSKULDUR BJÖRNSSON
 Úr fórum fjölskyldunnar
 Kjarvalsstaðir
 17. apríl — 2. maí 1982
 139 myndir unnar með margvíslegum efnum.
 Opíð á venjulegum tímum.

Höskuldur Björnsson

■ Það er dálítið um það núna, að efnit er til sýningar á verkum látinna listamanna og er það vel. Og reyndar bráðnaðsynlegt til þess að sérhverri kynslóð gefist kostur að sjá hvað unnið var í landinu áður. Þegar myndlistarmenn



■ Höskuldur Björnsson, listmálari (1907-1963)

falla frá, vill oft fara svo að myndir þeirra sjást sjaldan á sýningum, ef frá eru talin myndverk í opinberum söfnum.

Þó er þetta vitanlega misjafnt og fer eftir ymsu. Og það var svo tímabært að fá nú stóra sýningu með verkum Höskuldar Björnssonar.

Höskuldur var fæddur árið 1907 í Dilksnesi í A-Skaftafellssýslu og hann lést árið 1963, eða fyrir tæpum tveim áratugum.

Höskuldur lærði teikningu hjá Ríkhaldi Jónssyni myndhöggvara innan við títugt, og hann naut einnig tilsagnar Jóns Stefánssonar, listmalara. Hann var búsettur á Dilksnesi og á Höfn í Hornafirði til ársins 1946, er hann fluttist í Hveragerði, en um þær mundir voru þar búsettir allmargir listamenn, skáld, ljóðskáld og málara.

Höskuldur Björnsson fór því nokkuð óvenjulega leið. Að visu hafa myndlistarmenn reynt að setjast að úti á landi samanber þegar Gunnlaugur Scheving setti sig niður á Seyðisfirði. Og ekki veit ég hvers vegna Höskuldur Björnsson kaus Hornafirð og Hveragerði til fastrar búsetu. En það er kannske einmitt þess vegna sem svo augljós vinátta við náttúrana og útilíf kemur fram í myndum hans.

Hann malar fugla. Líklega þekktastur fyrir þær myndir, sveitabæi og fjöll. Hann fór því sínar eigin leiðir í mörgu tilliti.

Höskuldur lifði að verða þjóðkunnur myndlistarmaður og hann syndi í Reykjavík, Kaupmannahöfn, Osló, Bergen, Selfossi og í Hveragerði. Myndir hans prýða nú opinber söfn og eru til víða á heimilum, og þykja þar kjörgríp.

Sýningin

Sýningin á Kjarvalsstöðum ber heitið Úr fórum fjölskyldunnar og þá telur maður að þarna séu komnar saman óseldar myndir er hann lét eftir sig og myndir er hann hafði gefið fjölskyldu sinni.

Þetta er að vissu leyti ágæt leið til að kynna málara, en þó ekki sú besta. Málara selja oft bestu myndir sínar, eða flestir gjöra það og það sem eftir verður er oft það eitt sem óselt var. Þó hafa fáeinir málara þann síð að stinga undan góðum hlutum. Myndir er þeir töldu vissara að eiga sjálfir.

En á þetta er minnst, vegna þess að auðvitað ber sýningin þess merki, að ekki eru fengnar myndir ofan af veggjum frá öðru fólki. Því vantar mikið á að þarna sé Höskuldur Björnsson sýndur með fullum styrkleika ef svo má orða það.

Við skoðun á sýningunni þá kemur í ljós sem reyndar var vitad fyrir að honum lét vatnsliturn einna best, enda þótt maður hafi séð margar góðar oliumyndir líka eftir Höskuld.

Á sýningunni að Kjarvalsstöðum eru margar listilega vel gjörðar myndir og þær sem mesta athygli mína vöktu, voru þessar: no 4. Frá Hornafirði, 18. Tungulækur, 43. Búrfell, 52. Frá Grundarfirði, 54. Loftstaðir, 67. Æðarkolla með unga 8. Frá Hornafirði og 105. Útílega.

En öðrum þræði eru þessar myndir nefndar, því þær fara svo nærri þeirri mynd er maður hafði fyrir sér af lífsverki Höskuldar Björnssonar.

Aðeins tvær myndir eru þó frá Þorlákshöfn ef ég hefi tekið rétt eftir en þó er undirrituðum kunnugt um að Höskuldur málaði talsvert þar — og seldi.

Þá eru teikningar hans einnig frábærar, bæði kitarmyndir og pensilteikningar. Oliumálverkin standa öðrum verkum nokkuð að baki.

Kristján frá Djúpalek var samtidni Höskuldi og Hallfríði Pálsdóttur konu hans í Hveragerði um 11 ára skeið. Hann ritar í sýningarskrá meðal annars á þessa leið og undir það geta allir tekið:

„Höskuldur átti bæði hagar og lýðnar hendur er gerðu honum hvert verk létt og hann átti óvenju skarpa sjón á töfra umhverfis síns í náttúru og mannlífi. Hvort tveggja var forsenda þeirra listaverka er eftir hann liggja. Við sjáum nokkur af þeim hér.

Hann var vissulega háður þeim annmörkum í eðli flestra listamanna að vera tímumum saman afhuga vinnu við listsköpun einkum ef hann fann sig knúinn til að sinna henni, t.d. ljúka verki samkvæmt pöntun. Starfshvötin varð að koma innanfrá og er hún vaknaði varð honum furðulega mikið úr verki. Þó var aldrei slakað á fullkominni trúmennsku við listina. Og á stund náðarinnar skóphann mikil listaverk. Það er hin mikla umbun og hamingja hvers listamanns og þeirra er næstir standa.

Árið 1957 fórum við hjón ásamt Höskuldi og konu hans, Hallfríði Pálsdóttur, norður um land á bifreiðum okkar og síðan austur á hinar undur fögru æskustöðvar hans í Hornafirði. Við dvöldum þarna vikutíma í sumarsól og á þessum dögum fannst mér ég ódlast nýjan skilning á manningum. Höskuldi og list hans. Mér þótti sem ólýsanleg feður þessa héraðs vekti að baki allra verka hans, mjúkar línur nesja og voga með fuglinn í fjórinni naktir tindar í nánd og hrikaleg snjófjöllin í fjarska ásamt sjálfu úthafinu handan sandrifjanna. Listamaðurinn og verk hans tóku birtu sína og svip frá æskustöðvunum og því góða mannlífi er slikt umhverfi skapar. Þessu öllu unni hann líka heilum huga.”

Það ætti raunar að vera óþarfi að hvetja fólk til þess að láta ekki þessa sýningu fram hjá sér fara, ef kostur er. Því Höskuldur hefur það mikla sérstöðu sem myndlistarmaður, að áhugavert er.



■ Gunnar Dal

Öld sagt til syndanna

ÖLD FIFLSINS
 Ljód
 Gunnar Dal.
 Vikurútgáfan
 Guðjón Ellíasson
 Reykjavík 1981

Ort um vanda heimsins

Mörgum þykir hálf draugalegt í heiminum núna. Einhver óskilgreind ógn vofir yfir og er þá ekki átt við þær stabreyndir einar, að menn geta nú eytt jörðinni allri, ef þeim sýnist svo. Til þess eiga þeir nægjanlegt magn af kjarnorkuvopnum og af eitri. Fólk getur átt von á heimsendi svo að segja hvaða dag sem er.

Það er því ekkert undarlegt, þótt þau skáld okkar er fást við heimspeki, yrki nú um heiminn allan um það sem aflaga fer. Um allan þennan sársauka er því fylgir að vera maður á Öld fiflsins, eins og Gunnar Dal nefnir vora öld.

Um skáldið og rithöfundinn Gunnar Dal er ekki nauðsynlegt að skrifa mikið. Hann er frægðarmaður í bókmenntum og eftir hann liggja tugir verka, ljóð, skáldrit og heimspekirit. Og nú hefur hann sent frá sér ljóðabókina Öld fiflsins og hann byrjar bók sína svona:

Þú áratugur
 okkar týndu drauma,
 sem upplausn hverri
 gefur lausa tauma.
 Mun fiflsins öld
 ei frelsi sínu tapa
 og flestar Stöðleysur
 að lokum hrapa

Öld fiflsins

Ljóðabókin Öld fiflsins er rúmlega eitt hundrað blaðsíður að lengd, og þar er fjallað um heiminn. Af nöfnum kvæðanna má nokkuð ráða um innihaldið: Öld fiflsins, Velferð, Brauð og steinar, Valdsins menn, Pol Pot, Eyðimerkurgangana, Khadafy, Dauði prinsessu, Ljód um vitíð, öryggið, auðlegðina, frelsið, ástina og Vor í malbiki svo eitthvað sé upp talið. Gunnar Dal gengur þarna hreint til verks. Hann reynir ekki að hengja kvæði sín á einhverja lýriska snaga og hagræða rímsins vegna. Þetta eru fáorð ljóð sem einkum eru borin uppi af stabreyndum, og einhvern veginn finnst mér ein vísa í þessari bók, lýsa efni hennar, en hún er í Söngljóði um vinstrisinnabán hugsjónamann:

En fánýtt gleði
 finnst mér bylting sú
 því fyrsta máttið hennar
 yrðir þú.

Það er að visu ekki ný kenning, að byltingin étur oft börnin sín, en nú hefur þessi hugsun fengið nýtt samhengi. Menn ráða ekki lengur

ferðinni, hvorki austan hafs, né vestan. Heimurinn er byrjaður að stjórna sér sjálfur, byssurnar farnar að skjóta sjálfar eins og Jónas frá Hríflu orðaði það.

Ekki skal ég segja um það, hvort þessi litla bók Gunnars Dal breytir heiminum verulega, fremur en sú ályktun miðstjórnar Framsóknarflokksins á dögum, að hann, flokkurinn, ætti að hafa frumkvæði í að koma í veg fyrir kjarnorkustyrjöld. En hverjum manni er bók Gunnars Dal góð lesing, því menn vita meira um sjálfan sig, um heiminn og alla skelfinguna á eftir.

Frá sjónarmíði ljóðlistarinnar, eða bókmenntanna, þótti mér kvæðið um Helga Péturss. á hugaverðast. Manninn sem enginn hefur skilið, en það er svona:

Til undrunar
 ég ævinlega finn,
 er upp ég lít
 í næturhimininn.

Ég veit að þú
 átt sjálfur sama draum,
 því saman fljótum við
 í tímans straum.

Þér fleiri stjórnur
 ekkert auga leit.
 Þær allar gefa þér
 sín fyrirheit.

Vor fagra jörð
 þín vagga var og er.
 Hún von um nýja heima
 gefur þér.

Og kornabörn
 þau vaxa vilja enn.
 Og vöggu sína
 yfirgefa, — menn.

Og einhvers staðar
 auðnarstjarna skín
 sem einhverntímann
 kallar menn til sín.

Og eilífð sú
 er okkur kvæikir grun,
 hún okkur réttar leiðir
 vísa mun.

Bókinni lýkur Gunnar Dal síðan á miklu kvæði er ber heitið Trú mín. Þar minnr hann meðal annars á, að maðurinn er í sköpun guðs afar smár, en er samt hluti af sköpunarverkinu, sem er mergur málsins og ef til vill hluti af þeirri ógæfu er mannkynið stöðugt ratar í. Að menn eru meðvitandi um smáð sína en ekki skylduna og þá ábyrgð er þeim ber að axla.

Tónleikar ársins?

■ A tíundu tónleikum Tónlistarfélagsins 17. apríl gat að heyrta frábærasta ljóðasöng, sem hér hefur heyrzt um langa hríð, líklega síðan Gerard Souzay kom hér fyrst fyrir mörgum árum, og stóð þá á hátindi listar sinnar. Sá söngur heitir William Parker baritonsöngvari, bandarískur maður um eða innan við fertugt. Parker tilheyrir þeim hópi ljóðasöngvara, sem safnast hefur kringum Souzay, og má vafalaust þakka það heimsókn hans hingað. Hann sagði frá því á námskeiði, sem hann hélt með islenzkum söngvurum, að eftir 12 ára ljóðsöngvараferil væru endar loks núna farnir að mestast hjá sér. Í Bandaríkjunum væri ljóðasöngur talinn „evrópsk list“, og fáir vildu heyrta lókal krafta reyna sig, en Evrópu-menn teldu sig ekkert hafa að sækja vestur um haf í þessari listgrein. Þess vegna hefði honum lengstum verið lokaður allur hinn vestræni menningarheimur vegna þjóðernis síns.

Parker verður ekki betur lýst en gert er í tónleikaskránni (sem ber þess raunar sorgleg merki, að Þorsteinn Gylfason heimspekingur er erlendis að rökræða, en hann hefur lýft ljóða-tónleikaskrárm Tónlistarfélagsins á hátt plan), í skránni segir: Baritonsöngvarinn William Parker vann til fyrstu verðlauna í alþjóðakeppni í flutningi á amerískri tónlist á vegum Kennedy-Center og Rockefeller-stofnunarinnar 1979. Í keppninni tóku þátt yfir 300 tónlistarmenn og var úrskurður dómnefndar að Parker hlyti verðlaun vegna „glæsilegra raddeiginleika, öruggar sviðsframkomu og mikils hugarflugs í túlkun“. Parker hefur samsagt dálítið sérkennilega en gríðarfallega baritónródd, fullkomna tækni, óvenjulega góðan textaframburð (svo í rauninni hefði verið óþarfi að prenta textana þess vegna), og áhrifamikla „túlkun“ svo af ber. Flutningur hans á „War scenes“ (myndum úr borgarastyrjöldinni eftir bandaríska skáldið Walt Whitman), sem tónskáldið Ned Rorem lagsetti fyrir Gerard Souzay árið 1969, var svo skelfilega áhrifamikill, að fingerðir menn voru lengi að jafna sig. Efnisskráin var annars þessi:


Adelaide óp. 46 eftir Beethoven, Banaltes eftir Poulenc, „War scenes“ eftir Rorem, og loks ljóðaflokkurinn Dichterliebe óp. 48 eftir Schumann. Þau af þessum verkum, sem ég þekkti ekki áður, þótu mér stórkostleg í flutningi Parkers, en hin, sem ég áður þekkti, flutti hann betur en ég hafði áður heyrð þau. — svona vel eða a.m.k. áhrifamikill, getur enginn grammófonungur.

Undirleikari Parkers var William Huckaby, sömuleiðis Bandaríkjamannur, sem mun vera kunnur í sínu heimalandi bæði fyrir pianóleik og hljómsveitarstjórn, enda spilaði hann mjög vel. Það er mikið aavin tyri, að listamenn eins og Ashkenazy og Parker skuli heyra hér í Reykjavík með viku millibili, og marga góða tónleika hafa menn heyrð hér í vetur, en þó tel ég óumdeilanlegt að ljóðatónleikar Parkers og Huckabys teljist bera af þeim öllum.

22.4.



Jónas Guðmundsson skrifar um myndlist



Jónas Guðmundsson skrifar um bókmenntir



Sigurður Steinþórsson skrifar um tónlist